

24. fundur vinnuhóps um framkvæmdir við Flóaskóla haldinn í Flóaskóla 16. ágúst 2010.

Mættir:

Aðalsteinn Sveinsson sem ritaði fundargerð

Guðmundur Jón Sigurðsson

Kristín Sigurðardóttir

Steindór Guðmundsson

Einnig mættur Gestur Már Þráinsson fyrir hönd Smíðanda.

Í upphafi fundar var farið um bygginguna og staða verksins skoðuð. Frá síðasta fundi er búið að setja upp felliveggina og byrjað er að setja upp innihurðir. Hiti er kominn á hitalögnina. Búið er að setja upp brunaslöngur. Búið er að grunna gólf á klósettum með rakavarnargrunni og verða þau dúklögð í dag. Hreinlætistæki verða síðan sett upp. Einnig er búið að ganga frá kanti á stigaprepum en eftir er að setja lista framan á þrepin. Byrjað er að rykbynda þau gólf sem tekin verða í notkun strax. Anddyri verður flísalagt í vikunni og loka umferðir á síðustu veggjum málaðir. Samþykkt að mála yfir vegg í eldra anddyri.

Unnið er í uppsetningum á innréttingum og rafvirki eru við lagnavinnu. Uppsetning á tölvum er ekki búin en einhver lagnavinna er eftir til þess að hægt sé að fara í það verk. Kann þarf í dag hvaða mikil vinna er eftir hjá þessum verktökum.

Teknar fyrir fyrirspurnir frá Formax varðandi burðarþolsútreikninga í stigahandriðinu. Guðm. Jón ætlar að ræða við þá í dag um erindið og kanna hvernig staðan í því verki er.

Unnið er í uppsetningu á þakkanti. Klæðning á vegg kemur ekki fyrr en í sept.

Samþykkt að fá lykklakerfi í samræmi við það sem er á eldri viðbyggingu skólans.

Unnið er við frágang utandyra. Samþykkt að athuga með að merkja bílastæði og akstursleiðir á planinu fyrir ytan skólann

Úttekt vinnueftirlits á lyftu hefur ekki verið gerð en búið er að kalla eftir því að það verði framkvæmt. Stefnt er að lokaúttekt byggingafulltrúa á föstudag.

Næsti fundur verður á fimmtudaginn 19. ág. Kl. 11:00,-

